

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. nóvember 2002

DAGSETNING

TILVÍSUN
2002110111

Alþingi
Erindi nr. P 128 / 322
komudagur 28. 11. 2002


Frumvarp um fjármálafyrirtæki

Í framhaldi af umsögn embættisins um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, fundi með nefndinni og að móttæknu minnisblaði frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu vill ríkisskattstjóri ítreka andstöðu sína við þá tillögu sem í frumvarpinu er að finna og felur í sér að skylda til að skrá kennitölu eigenda innlánsreikninga o.fl. þegar um er að ræða aðila sem búsettir eru hér á landi eða hafa hér skattalegum skyldum að gegna. Eins og fram kemur í umsögninni telur ríkisskattstjóri ekki vera forsendur til að afnema þessa skyldu þótt ekki verði talin rök standa til að gera sömu kröfu til erlendra viðskiptavina fjármálafyrirtækja sem ekki hafa með höndum starfsemi hér sem krefst skráningar skv. öðrum lögum. Leyfir ríkisskattstjóri sér af þessu tilefni að leggja til eftirfarandi orðalag á 108. gr. frumvarpsins:

Innlánsreikninga, fjárvörslureikninga og geymsluhólf skal skrá á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Kennitölu þarf ekki að skrá sé viðskiptamaðurinn ekki með starfsemi sem skráningarskyld er hér á landi samkvæmt öðrum lögum eða beri ekki skattalegar skyldur hér á landi.

Skráning á nafn, eins og skylt yrði skv. frumvarpinu er ekki nema mikils virði ef kennitala er ekki skráð. Skortur á einkvæmu einkenni verður til mikilla vandræða fyrir fjármálastofnanirnar og opinbera aðila. Margir einstaklingar bera sama nafn, flutningar eru tíðir, menn hirða lítt um að skrá breytingar á heimilisföngum jafnvel þótt slíkt sé lögskýlt, hvað þá hjá öðrum aðilum. Brottfall kennitölu myndi því torvela starfsemi fjármálafyrirtækjanna og flækja störf opinberra aðila sem vegna verkefna sinna þurfa upplýsingar frá fjármálastofnunum svo og valda örðugleikum við rannsóknir á fjármálamisferli og skatransóknir þar sem upplýsingar frá fjármálastofnunum eru oft í lykilhlutverki. Er því eindregið lagt til að fallið verði frá því að fella niður skráningu kennitölu þegar um er að ræða innlenda aðila og aðra þá sem hér þarf að skrá.

Virðingarfyllt



Indriði H. Þorláksson